

**Ed. 722. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [93. mál]**

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar-samþykktir í sveitum.

Frá Gísla Jónssyni.

Með því að vitað er, að ríkissjóður á þess engan kost sem stendur að greiða af árstekjum sínum framlög til margvíslegra framkvæmda samkvæmt gildandi laga-ákvæðum, þykir ekki rétt að samþykkja frumvarp það, sem hér um ræðir, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því, hvaða lögbundnar greiðslur eru mest aðkallandi og á hvern hátt unnt er að inna þær af hendi, og leggi niðurstöður þessar til athugunar fyrir næsta Alþingi ásamt tillögum um, hvaða greiðslur skuli hafa forgang, á meðan ekki er unnt að inna þær allar af hendi svo sem lög mæla fyrir um, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.